

VALBÆKLINGUR VOR 2024



Munið að lesa vel hvað er í boði svo þið séuð viss um að vilja það sem þið veljið.




Boostbarinn og hollt og gott snakk

Lærðu að útbúa holla drykki og safa eftir uppskriftum. Einnig að útbúa hollt og gott snakk.

Karíókí - val

Allir þeir sem hafa áhuga á að syngja, einir sér og/eða í hópi. Og hafa gaman af að syngja í karíókí.




Verklegar tilraunir og náttúruskoðun

Nemendur kynnst aðferðum verklegra tilrauna og gera nokkrar stuttar og einfaldar tilraunir. Nemendur vinna með náttúruna kring um skólann og skoða í hinum ýmsu verkfærum sem tengjast náttúrufræðinni s.s. víðsjám og smásjám.

Hundaval

Kynnumst umhirðu gæludýra og léttar göngur með hunda.



Spilaval

Í valinu kynnumst við ýmiskonar borðspilum sem og hefðbundnum spilum. Tökumst á við margskonar þrautir.



Golf

Þetta val er fyrir þá sem vilja læra golf eða verða betri í golfi. Staða, grip, sveifla og fleira kennt og æft. Þeir sem velja þetta verða sjálfir að koma með golfsettið.

Heimavinna

Vantar þig aðstoð við heimanám? Langar þig að spjalla um heima og geima? Viltu reyna þig í stærðfræðispilum eða þrautum? Mælt er með því að þeir sem vilja fá ró og næði komi í þennan hóp. Þar verður nóg að gera en allt í rólegri kantinum.






Fingrasetning

Hér er farið í að æfa rétta fingrasetningu, læra stöðu bókstafa á lyklaborðinu til að æfa og bæta innsláttarhraða sinn án þess að þurfa að horfa á lyklaborðið.

Skólahreysti - æfingar

Í þessu vali eru skólahreystis æfingar. Mikið þrek, armbeygjur, upphíingar, dýfur, hreystigrip og ýmislegt annað





Quidditch

Quidditch er tveggja liða galdramannaíþrótt á kústum/bandýkylfum. Í valinu fá nemendur að setja sig í heim galdrafólks hina vinsælu Harry Potter bóka. Spilað verður í íþróttahúsinu og ef veður leyfir verður farið út.

Kátakot

Finnst þér gaman að vera með börnum? Kanntu skemmtilega leiki, bæði inni og úti sem þú gætir kennt og farið í með yngri börnum? Í Kátakoti eru börn í 1.-4. bekk sem langar mikið að fara í leiki með eldri krökkum. Þetta val gæti verið á öðrum dögum en fimmtudögum og þá verið frá kl. 14:30-16:00 en þá fellur fimmtudagstíminn niður í staðinn. Ef þetta er eitthvað fyrir þig skaltu endilega skrá þig í þetta val.





Hlutverkaleikur D&D

Nemendur fá að kynnast nýjustu útgáfu hlutverkaspilsins Dungeons and Dragons (5. útgáfa). Nemendur læra að skapa sína eigin persónu út frá reglum leiksins, velja sér útlit, hæfileika, hlutverk og ákveða svo bakgrunn persónunnar. Þegar persónur eru fullskapaðar er hægt að hefja leikinn sem snýst um að leikmenn sýni samstöðu og leysi ákveðin verkefni í sögu sem getur tekið óvænta stefnu. Eina sem nemendur þurfa að hafa með sér er góða skapið og vilja til að skapa og taka þátt í ævintýri þar sem álfar, dvergar, drekar og alls kyns ófreskjur geta komið við sögu.



Duolingo

Í þessu vali lærum við tungumál að okkar eigin vali á skemmtilegan og árangursríkan hátt með hjálp **Duolingo**.

Bókaklúbbur

Fyrir þau sem finnst gaman að lesa eða hlusta á góða bók. Spjöllum um bækur, köfum ofan í booktok, höfum bók og bíó, hraðstefnumót við bækur, gerum origami úr gömlum bókum, búum bókamerki, barmmerki, bókatengdan mat og margt fleira. Hver hittingur byrjar á því að segja aðeins frá því sem hópurinn hefur lesið eða hlustað á síðastliðna viku. (Það er ekki nauðsynlegt að vera búin að lesa eitthvað fyrir hvert skipti.) Þá er einnig lagt upp með það að hægt verði að gera eitthvað í höndunum meðan á bókaspjalli stendur svo sem að lita mandölur, gera origami úr gömlum bókum og búa til bókamerki.




Píla og borðtennis

Markmið námskeiðsins er að gera nemendum kleift að kynnst þessum tvem íþróttum. Nemendur munu læra helstu grunnþætti í pílukasti og borðtennis sem og helstu keppnisleiki sem eru spilaðir hér á Íslandi og í heiminum. Samhliða þessu munu nemendur þjálfra einbeitingu og færni sína í stærðfræði, enda spila bæði stórt hlutverk í pílunni.



Ræktum okkar eigin mat

Kynna og sýna nemendum hvernig grunnatriði sáningar og ræktunar grænmeti fer fram. Nemendur fá að rækta nokkrar tegundir, fóstra yfir önnina og fara með heim.



Smáköku- og muffins bakstur

Nemendur spreyta sig á að baka fjölbreyttar uppskriftir af smákökum og muffins.




Heimstyrjaldir

Valið fjallar um heimstyrjaldir í heiminum, farið verður í að skoða af hverju og hvers vegna var barist. Einnig skoðaðir nokkrir heimildapættir um stríð og stríðsrekstur.


Skákval

Farið í grunnatriðin og mannganginn. Lögð er áhersla á að nemendur hafi gaman og gagn af skákinni. Læri opnanir og lokanir og fái að spreyta sig.



Val með Bjössa

Í þessu vali verður eitt og annað í gangi. Við munum m.a. horfa á þætti sem sýna okkur áhugaverða staði á Íslandi með áhugaverðu fólki. Á sama tíma erum við auðvitað að læra aðeins um landið okkar. Á góðviðrisdögum förum við út og skoðum okkur um í okkar heimabyggð, leikum okkur og gerum eitthvað skemmtilegt. Svo má auðvitað reikna með því að eitthvað skemmtilegt reki á fjörur okkar og þá grípum við gæsina glóðvolga. Úps hvað þýðir þetta eiginlega!!! Þið komist að því í valinu 😊



Í ljósi sögunnar

Í þessu vali verður hlustað á áhugaverð podköst með Veru Illugadóttur og málefnið krufin.



Viltu skokka

Viltu gera skokk eða hlaup að lífstíl? Þá er skokkvalið eitthvað fyrir þig. Í þessu vali færðu tækifæri til að koma þér af stað í skokki. Valið er fyrir byrjendur sem hafa áhuga á að koma sér af stað í skokk eða hlaup



Valblað

Nafn: _____ Bekkur: _____

Nú átt þú að velja þér valhópa fram að vori. Þú átt að velja fyrir tvö tímabil þannig að þú þarft að velja 1 tvisvar sinnum, 2 tvisvar og 3 tvisvar sinnum. Reynt er að koma sem flestum í 1. val en ef það tekst ekki þá er notað 2. eða 3. val.

ATH. Ekki verður hægt að skipta um val þegar val tímabilið er hafið.

Boostbarinn, hollt og gott snakk ()	D&D ()
Karíókí - Val ()	Duolingo ()
Verklegar tilraunir og náttúruskoðun ()	Bókaklúbbur ()
Hundaval ()	Píla og borðtennis ()
Spilaval ()	Ræktum okkar eigin mat ()
	
Golf ()	Smákökur og muffins ()
Heimavinna ()	Heimstyrjaldir ()
Fingrasetning ()	Skák ()
Skólahreysti - æfingar ()	Val með Bjössa ()
Quidditch ()	Í ljósi sögunnar ()
Kátakot	Viltu skokka ()

Skilafrestur er 6. desember